

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Lundur og Nes, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings ytra samþykkti þann 23. ágúst 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði tengd dvalarheimilinu Lundi og Nesi á Hellu. Tillagan tekur til lóðar dvalarheimilisins Lundar, lóða við Seltún, lóðar Ness II og til nýrra lóða fyrir norðan Lund. Deiliskipulag fyrir Seltún dags. 7. febrúar 2009 verður felld út við gildistöku þessa skipulags.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 13. september 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. september 2018